



Val fyrir haustönn 2011

fer fram dagana 14.– 25. mars



Frá 14. mars til 25. mars geta nemendur fengið sérstakt eyðublað á skrifstofunni og sett valið sitt þar á. Nemandinn þarf að muna að skoða námsferil í INNU og námskrá á netinu. Skólinn mun leiðrétta val ef það er talið nemandanum,- eða skólanum til hagsbóta. Valleiðbeinendur verða í tölvustofum 22. og 23. mars og veita aðstoð, ef þarf. Sjá aftar í blaðinu.

- Þeir nemendur sem ekki velja og gefa engar skýringar, munu teljast ætla að hætta í skólanum að loknum prófum og munu tapa skólaplássi sínu!

- Nemendur sem **ætla ekki að sækja skólann á næstu önn**, þurfa einnig að skila valblaði þar sem þeir tilgreina ástæður þess að þeir ætla að hætta.

- Nemendur sem stefna á útskrift í maí þurfa ekki að skila inn valblaði.

- Velja á 6 áfanga + ípróttir og 2 áfanga í varaval.

Valblaðið sem þú skilar inn er um leið umsókn um skólavist á næstu önn.

Í maí verða sendir út gíróseðlar til allra sem hafa skilað vali.

Ef þú skilar ekki inn valblaði ertu að afþakka skólavist á haustönn.

Fél 313 - þróunarlönd

Vakin er athygli á áfanganum um þróunarlönd. Áhugavert efni sem skiptir okkur sífellt meira máli í hnattvæddum heimi. Íslenskt lesefni. Verkefni. Próflaus áfangi.

Líffræði í boði á haustönn til viðbótar við skylduáfanga náttúrufræðibrautar (LÍF103, LÍF203)

LÍF303 hentar nemendum sem hafa áhuga á líffræði, lífefnafræði og heilbrigðisvísindum.

LÍF113 hentar nemendum sem hafa áhuga á líffræði og íslenskri náttúru. Æskilegur grunnur í verkfræði.

LÍF111 Vistkerfi er áfangi utan töflu tekinn samhliða Líf113 (eða ári síðar). Nemandi vinnur rannsókn á völdu vistkerfi.

Heimsækir það fjórum sinnum á haustönn, rannsakar og skilar niðurstöðum í skýrslu.



Nemendur sem ekki hafa greitt efnisgjöld í myndmennt og matreiðslu þurfa að gera upp nú þegar. Þeir hafa samband við Eygló Hjaltadóttur, fjármálastjóra.



Vandaðu valið—þín vegna!

Við val á námsáföngum þarf að gæta að mörgu:

- ♦ Valið þarf að vera í samræmi við undanfarareglur.
- ♦ Ekki er hægt að fresta of lengi að taka áfanga sem eru í boði aðra hvora önn.
- ♦ Áfanga í löngum keðjum **verða** að hafa forgang.
- ♦ Velja þarf a.m.k. tvo áfanga til vara.
- ♦ Velja skal **6 áfanga + ÍPRÓTTIR** og **2 áfanga til vara**

Breytingar á jarðfræðinámi

NÁT113 er jarðfræðiáfangi í kjarna á öllum brautum nema náttúrufræðibraut.

Nemendur á náttúrufræðibraut sleppa NÁT113 og fara beint í JAR103. Þeir nemendur á náttúrufræðibraut sem lokið hafa NÁT113 fari næst í JAR203.

JAR103 (útræn öfl) og **JAR 203** (innræn öfl) eru í kjarna náttúrufræðibrautar.

JAR 303 (jarðsagan) – valáfangi sem byggir á verkefnavinnu. Undanfarar: JAR103 og JAR203.



Breytingar á efnafræðinámi

Nemendur á náttúrufræðibraut taka ekki lengur NÁT133 heldur fara beint í EFN103. EFN 103 og EFN203 mynda kjarnagreinar á náttúrufræðibraut.

- EFN303 er framhald af EFN203.
- Þeir sem eru búnir með efn233 (efn203 eftir eldra kerfi) fara strax í efn333 ef ætlunin er að taka fleiri áfanga í ólífrænni efnafræði. Þessi áfangi mun breytast eftir næstu önn.



Áfangar í boði á

Íslenska

ÍSL293

ÍSL102

ÍSL103

ÍSL202

ÍSL203

ÍSL212

ÍSL303

ÍSL343

ÍSL363

ÍSL403

ÍSL503

ÍSL683

Stærðfr.

STÆ293

STÆ102

STÆ122

STÆ162

STÆ182

STÆ103

STÆ202

STÆ262

STÆ203

STÆ303

STÆ313

STÆ383

STÆ403

STÆ413

STÆ503

STÆ513

STÆ703

Erl. tungum.

DAN293

DAN102

DAN152

DAN202

DAN212

DAN252

DAN262

DAN383

ENS102

ENS103

ENS202

ENS203

ENS212

ENS303

ENS403

ENS413

ENS503

ENS603

ENS803

ENS883

Erl. tungum.

FRA103

FRA203

FRA303

FRA403

FRA503

SPÆ103

SPÆ203

SPÆ303

SPÆ403

SPÆ503

ÞÝS103

ÞÝS203

ÞÝS303

ÞÝS403

ÞÝS503

Samf. greinar

FÉL103

FÉL203

FÉL233

FÉL313

FJÖ103

FJÖ213

LAN103

SAG103

SAG203

SAG303

SAG313

SAG383

SAG483

SÁL103

SÁL183

SÁL313

UPP103

UPP203

LKN112

SJÁ102

Ath. að feitletraðir og undirstrikaðir áfangar eru í boði næstu önn en ekki þar næstu. Ef þeir eru næstir í keðju þá þarf að láta þá hafa forgang.

haustönn 2011

Raun- greinar

EDL103

EDL203

EDL303

EDL383

EFN103

EFN203

EFN303

EFN333

JAR103

JAR113

JAR203

JAR303

LÍF103

LÍF113

LÍF203

LÍF303

LÍF111

NÁT103

NÁT113

NÁT123

Viðskipta- greinar

BÓK103

BÓK203

BÓK213

HAG103

HAG113

VIÐ103

VIÐ123

VIÐ133

VIÐ143

Tölvu- greinar

TÖL103

TÖL113

TÖL203

MTN103

MTN203

Íþróttir

ÍþF102

ÍþF132

ÍþF232

ÍþF242

ÍþF302

ÍþG112

ÍþG142

ÍþG152

ÍþR102

ÍþR202

ÍþR302

ÍþR312

ÍþR322

AFX101

AFX301

AFX501

AFX701

LSL101

LSL301

LSL501

LSL701

Sér- greinar

FJT101

HLT102

IOS104

MOF103

MTG103

VMM103

PHO103

LJÓ173

TEX102

FJT205

FJT215

FJT225

FJT235

MAT173

MAT273

MYN173

MYN273

MYN373

HMN192

LEI102

TJÁ192

LOK171

UMS101

**MYNDLIST Í BOÐI FYRIR ALLA NEMENDUR
MYN 173 — Myn 273— Myn 373**
Í áföngunum er boðið uppá litafræði, formfræði,
fjarviddarteikningu,
acrylmálun, olíumálun og grafík.
Einnig verður boðið uppá ýmiskonar frjálsa
listsköpun.
Myndlistarkennari.



Hagnýt stærðfræði

Áfangarnir **STÆ162, 182 og 262** eru hagnýt stærðfræði. Þeir eru hugsaðir fyrir nemendur sem eru á félagsfræði-, mála- og upplýsinga- og fjölmiðlabraut. Nemandi sem er búin með STÆ102 má fara í STÆ182 og nemandi sem er búinn með STÆ122 má fara í STÆ262. Mælt er sérstaklega með að nemendur sem eru að falla í grunnáföngunum í stærðfræði skipti yfir í þessa keðju. Nemendur sem klára þessa keðju geta haldið áfram í STÆ313 og 383 en ekki í STÆ303.



NÝTT!

Enska 413 Fagorðaforði

Fagorðaforði fyrir nemendur á náttúrufræðibraut, félagsfræðibraut og viðskipta- og hagfræðibraut. Unnið með fagorðaforða sem tengist hverri braut fyrir sig. Unnin verða hóp- og einstaklingsverkefni sem tengjast sérsviðum nemenda. Unnið verður með faggreinar, vísindavefi og fréttamiðla. Gera má ráð fyrir að stór hluti námsefnis verði á rafrænu formi.




Markmið áfangans er að nemendur öðlist góða undirstöðu og dýpki þekkingu sína á fagorðaforða tengdum sínum sérsviðum. Áfanginn er próflaus en námsmat byggir á verkefnavinnu nemenda.

LOK 171



Nemendum sem stefna á að ljúka stúdents-prófi og útskrifast í lok haustannar 2011 er bent á að velja áfangann LOK171. Þessi áfangi er einungis fyrir nemendur sem eru á útskriftarlista. Gerð er ströng krafa um tímasókn. Þessi áfangi getur komið sem viðbót við hámarks stundafjölda í töflu .



Ísl 343 Íslensk leikhús og leiklist

Undanfari: ÍSL 203/212

Markmið áfangans er að gefa nemendum tækifæri til að kynnst leikhúsinu og hvetja til frjórrar umræðu um leikhúsverk, leikmyndir, búninga, ljósaönnun og leikstjórn svo eitthvað sé nefnt. Nemendur fylgjast með leikhúslífinu á önninni með það fyrir augum að þeir öðlist aukinn skilning á leikbókmenntum og leiklist.

ÍSL 363 Afþreyingarbókmenntir (hefur númerið 572 í námskrá)

Undanfari: ÍSL 203/212

Í áfanganum verður fjallað um helstu greinar afþreyingarbókmennta, svo sem glæpasögur, kúrekasögur, njósnasögur, vísindaskáldsögur, teiknimyndasögur, ástarsögur, hrollvekjur og tímarit og fjallað um eðli, hlutverk og þjóðfélagslegar forsendur þeirra. Lesin og skoðuð verða nokkur verk úr sem flestum greinum afþreyingarbókmennta ásamt tímaritsgreinum og öðru efni er áfangann varða, m.a. af netinu og úr kvikmyndaheiminum.

Áfanganum er ætlað að auka sem best þekkingu nemenda á sviði afþreyingarbókmennta og gera þá færa um að meta og fjalla um slíkar bókmenntir á sem breiðustum grundvelli.

Gönguhópur er kenndur í lotu eftir skóla og nokkra laugardaga.

FST 102 Skólavinur

Langar þig að eignast félagi frá öðru landi og kynnst framandi menningu? Ertu áreiðanleg/ur og vinsamleg/ur? Ef þetta á við um þig áttu þess kost að gerast **skólavinur**. Í því felst að vera eins konar leiðsögumaður fyrir ÍSA-nemanda (nema sem hefur íslensku sem annað mál).

Kynntu þér málið hjá námsráðgjafa eða áfangastjóra.

Um er að ræða tveggja eininga áfanga.



Langar þig að vinna á fjölmiðli?

Þá er Upplýsinga- og fjölmiðlabraut eitthvað fyrir þig.

- Þriggja anna grunnnám
- Tveggja anna sérsvið í fjölmiðlatækni og dagskrárgerð
- Einnar annar starfsnám í lokin eða viðbótarnám til stúdentsprófs



SJÁ102

Sjálfböðastörf

SJÁ102

Nemendur vinna sjálfböðið starf í samráði við kennara Flensborgarskólans og Rauða krossins. Meðal verkefna sem eru í boði: Heimsóknarvinir, ungmennastarf og starf í Rauða krossbúðinni. Nemendur sækja einnig námskeið sem tengjast verkefnunum.



Rauði kross Íslands
Hafnarfjarðardeild

Fjölbreytt saga á haustönn 2011

Auk grunnáfanganna **SAG103** og **SAG203** verða eftirtaldir áfangar í boði:

SAG383 Egyptaland, Grikkland, Róm. Undanfari: SAG 203/213
Áfanginn spannar um þrjúþúsund ár í sögu mannkyns og það segir sig sjálft að aðeins verður mögulegt að drepa á örfá atriði tímabilsins. Til dæmis verður fjallað um fornöldina og Hollywood, fornöldina og nútímann, þróun stafrófsins, lýðræðið í Aþenu, heimspeki Grikkja, byggingarlist Rómverja, upphaf kristninnar, myndlist og áróður, konur á fornöldinni svo eitthvað sé nefnt. Kennslan byggist á fyrirlesturum, kvikmyndabrotum og verkefnavinnu.

SAG 483 Sagan á líðandi stundu. Undanfari:SAG 203/213
Nemendur velja viðburði sem eru til umfjöllunar á hverjum tíma, heima og erlendis, og leita sögulegra orsaka þeirra. Nemendur velja nokkra atburði og fjalla um þá sem hópur í heild eða í minni einingum. Efnistökin byggja á umræðum, ritun, framsetningu, gagnrýni og framlagi nemandans.
Auk þessa er sérstök áhersla á ritgerðasmíði sem er góður undirbúningur undir frekara nám.

ÍSL 683 Halla og Fjalla-Eyvindur. **(Ferðast um landið)** **Undanfari er ÍSL 303**

Í áfanganum munu nemendur flétta saman íslenskum bókmenntum og náttúru við áningarstaði ferðamanna á Íslandi. Megináherslan verður lögð á íslenskt efni, s.s. skáldsögur, ljóð, handbækur og ritverk um náttúru Íslands. Nemendur lesa efni af margvíslegu tagi og vinna út frá þeim fjölbreytt verkefni, t.d. kynningar, bæði munnlegar og skriflegar um land og þjóð og farið verður í a.m.k. eina dagsferð þar sem nemendur fá að spreyta sig á leiðsögn.

Aðstoð með vali 2011 (vorönn)

22. mars kl. 11:35-12:35

23. mars kl. 15:20—16:20

Stofa M107

Almenn braut:

Árni Sverrir Bjarnason
Lilja Héðinsdóttir

Málabraut :

Adda María Jóhannsd.
Margrét Jóhanna Böðv.

Stofa M207

Náttúrufræðibraut:

Anný Gréta Þorgeirsd.
Dagrún Steinunn Ólafs.
Hildur Einarsson
Jóhann Guðjónsson
Sigurbjörg Anna Guðn.
Zdravko Velikov Demirev

Stofa M208

Félagsfræðabraut:

Díana Guðjónsdóttir
Eyrún Ósk Jónsdóttir
Guðmunda Anna Birg.
Hildur Jónsdóttir
Hrefna Steinarsdóttir
Sigurður B Jónsson

Viðskiptabraut:

Steinhildur Hildimund.
Torfi K. Kristinsson
Símon Jón Jóhannsson

Viðtalsherbergi í Brekku

Fjölmiðladeild:

Alda Guðrún Áskelsd.
Halldór Árni Sveinsson

Útskrifarefni (stúdentar / fjölmiðlanám)

haust 2011 eða vor 2012

Sigríður Petra Friðriksd. skv. nánari auglýsingu á auglýsingaskjám.

Einnig er hægt að nálgast valleiðbeinendur á viðtalstímum sem eru á heimasíðu skólans.

Brautalýsingar www.flensborg.is

Vantar þig aðstoð við valið?

Valleiðbeinendur eru með viðtalstíma!

22. og 23. mars verða valleiðbeinendur í tölvustofum og veita aðstoð, ef þarf.

Þriðjudaginn 22.mars í fundartíma (kl. 11.35-12.35 og

miðvikudaginn 23. mars í fundartíma (kl.15.20-16.20)

Valleiðbeinendur á almennri braut og málabraut í M107

Valleiðbeinendur á fjölmiðlabraut í viðtalsherbergi í Brekku

Valleiðbeinendur á félagsfræða- og viðskiptabraut í M208

Valleiðbeinendur á náttúrufræðibraut í M207

MTN 203 (UTN203) Markviss tölvunotkun

Undanfari: MTN 103

Í áfanganum er leitast við að búa nemendur undir vinnu við sérhæfð og krefjandi skrifstofustörf. Kennd er uppsetning og frágangur formbréfa (dreifibréfa) með sniðmátum, samsteypur, o.fl. Einnig fá nemendur þjálfun í frágangi á langri ritgerð með neðanmálgreinum, útlitsköflum, mismunandi haus/fót, sjálfvirku efnisyfirliti, o.fl. Farið er í frágang á skýrslum, umbrot á blaðagreinum og ýmsum flóknum verkefnum í Word. Farið í grunnatriði myndvinnslu, s.s. skönnun og lögun mynda. Farið er í samþættingu á Word og Excel. Farið í flóknar aðgerðir í töflureikninum Excel (innbyggð föll, myndrit, útlitsmótun o.fl.) og útskýrt hvernig Excel getur nýst við útreikninga og áætlanagerð. Kynnt eru grunnatriði gagnagrunnsforritsins Access og útskýrt hvernig gagnagrunnar eru notaðir til að halda utan um gögn. Rík áhersla er lögð á sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð nemenda

Mennt er máttur